



Alþingi
Erindi nr. Þ 126/1373

komudagur 12.3.2001

LANDSSAMBAND VEIÐIFÉLAGA

Bolholt 6, 105 Reikjavík, sími: 5531510, símbréf: 5684363

7. mars 2001

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Alþingi

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lax og silungsveiði mál nr. 389, rekstrarleyfi, gjaldtaka, fiskeldisnefnd ofl.

Landssamband veiðifélaga telur brýnt að styrkja þann kafla laganna um lax og silungsveiði er fjallar um fiskeldi. Núverandi löggjöf er alls ófullnægjandi að þessu leitinu og stjórnvöld skortir að óbreyttu lagaheimildir til að setja starfsemi eldisstöðva þau skilyrði sem almennt er talið að nauðsynleg séu til verndar umhverfi og villtum stofnum. Á þetta einkum við sjókvíaeldið sem getur orðið mjög stórt í sniðum. LV álitur að framkomid frumvarp sé skref í þá átt að gera stjórnvöldum kleift að beita m.a. nauðsynlegum varúðarsjónarmiðum í leyfisveitingum og við aðra þá þætti sem lúta að starfsemi fiskeldis, sem og verndun villtra stofna, án þess að óvissa ríki um þann lagagrundvöll sem ákvarðanir skulu byggja á. LV telur þó að nokkra þætti frumvarpsins þurfi að gaumgæfa betur.

Í 62. gr laganna 1. mgr. er kveðið á um að landbúnaðarráðherra veiti rekstrarleyfi til fiskeldis. Þetta hlutverk er á hendi Veiðimálastjóra í gildandi lögum. Við þessa breytingu færast leyfisveitingin á frá hinu lægra setta stjórnvaldi til ráðherra sem jafnframt fer með yfirstjórn veiðimála sbr. 6. gr. Þessi breyting í frumvarpinu rýrir að sönnu möguleika þeirra sem vilja koma að athugasemdum við, eða kæra veitingu einstakra rekstrarleyfa þar sem möguleiki í nügildandi lögum til að skjóta máli til úrskurðar ráðherra verður ekki lengur fyrir hendi. Má í þessu sambandi vísa til hliðstæðu sem er starfsleyfi sem Hollustuvernd veitir osfrv. Þá skal bent á í þessu sambandi að hvergi er gert ráð fyrir í lögunum að rekstrarleyfi sé auglýst þannig að hagsmunaaðilar geti komið að athugasemdum innan kærufrests. Úr þessu þyrfti að bæta þannig að andmælaréttur sé tryggður á leyfisveitingaferlinu.

Þá er eðlilegt er leyfisveitandi leitar umsagnar Veiðimálastofnunar sbr. sömu gr. að stofnunin gefi víðtækari umsögn en einungis um hættu á erfðablöndun t.d. um vistfræðileg áhrif framkvæmdar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að umsókn skuli fylgja skilríki um afnot lands, vatns og sjávar. LV bendir á í þessu sambandi að ekki eru fyrirmæli í lögum á hvern hátt skuli úthluta skilríkjum vegna afnota sjávar til laxeldis utan netlaga. Í skýrslu Auðlindanefndar er svæði til sjókvíaeldis skilgreint sem takmörkuð auðlind og varla getur talist eðlilegt að einstaklingar geti helgað sér þessa auðlind án þess að hafa aflað sér til þess heimildar frá eigandanum, íslenska ríkinu. Því er brýnt, vegna þessa ákvæðis frumvarpsins sem reyndar er samhljóða í gildandi lögum um lax og silungsveiði, að lögfesta með skýrum hætti hvernig beri að standa að slíkum úthlutunum. Huga þarf að í þessu sambandi hvort ástæða sé til að setja heimild í lög um auðlindagjald í þessu skyni.

Í frumvarpinu er kveðið á um skyldu umsækjanda til að framkvæma rannsóknir á eigin kostnað á sjúkdómstengdum og vistfræðilegum þáttum sé talin þörf á að afla frekari upplýsinga en fyrir liggja. Þá er heimild til að kveða á um í rekstrarleyfi um frekari rannsóknir. Eðlilegra væri að lögin geymdu ákvæði um að heimild væri til að leggja kostnað af slíkum rannsóknum á rekstrarleyfishafann. Nauðsynlegt er vegna þeirra hagsmuna sem um er að tefla að framkvæmd slíkra rannsókna sá á hendi opinberra eða óhagsmunatendra aðila þannig að traust ríki um rannsóknarniðurstöður og rannsóknaraðferðirnar séu hafnar yfir allan vafa.


Það er mat LV að ekki sé með fullnægjandi hætti kveðið á í frumvarpinu, eins og það liggur fyrir, um heimildir til að setja skilyrði um lágmarkseftirlit dýralæknis fisksjúkdóma vegna sjúkdóma og sníkjudýra í eldinu. Þær reglur sem um þetta gilda eru með öllu ófullnægjandi eins og nú háttar verði stórfelld aukning á laxeldi í sjókvíum. Það þarf ekki að fjölyrða um þá miklu stigmögnun sjúkdóma og sníkjudýra sem getur átt sér stað í þúsunda tonna eldisstöð. Virkt og öflugt eftirlit með slíkri starfsemi er nauðsynleg með tilliti til þeirrar áhættu sem hún kann að valda m.a. villtum laxastofnum.

Í frumvarpinu er ákvæði um að leyfisveitandi geti tekið rekstrarleyfi til endurskoðunar eða fellt það úr gildi ef um ítrekaðar slyssleppingar er að ræða. Hér vantar rýmri heimildir til endurskoðunar eða niðurfellingar á rekstrarleyfum í fiskeldi t.d. ef eldisstöð veitur umtalsverðum neikvæðum umhverfisáhrifum á lífríkið vegna staðsetningar eða stærðar osfrv. Má í þessu sambandi vísa til 7. gr. frumvarps til laga um eldi nytjastofna sem liggur fyrir Alþingi. Kveða þarf skýrt að orði í ljósi þess að upp kunna að rísa kröfur um skaðabætur vegna beitingar framleiðslutakmörkunar við endurskoðun og eða niðurfellingu rekstrarleyfis.

Í frumvarpinu er það nýmæli að sett er á laggirnar fiskeldisnefnd sem hefur allvíðtækt verkefni varðandi stefnumótun og sem ráðgefandi aðili til ráðherra um fiskeldi í sjó og á landi. Hér er um embættismannanefnd að ræða. Ljóst er að þessi ráðstöfun takmarkar aðgang hagsmunaaðila varðandi stefnumótun í fiskeldi og telur LV slíkt neikvætt vegna þeirra miklu hagsmuna sem veiðiréttareigendur eiga í vernd og viðgangi villtra laxastofna. Í þessu sambandi leggur LV þunga áherslu á að forræði yfir eldi vatnafiska sérstaklega laxfiska verði ávallt á hendi Landbúnaðarráðuneytis og spurning er hvort aðkoma Sjávarútvegsráðuneytisins, með þeim hætti sem ráðgert er í frumvarpinu, þjóni því markmiði. Verði sú niðurstaðan að ákvæði um fiskeldisnefnd verði lögfest telur LV eðlilegt að Veiðimálastofnun tilnefni fulltrúa í nefndina til að gæta samræmis við tilnefningu Hafrannsóknarstofnunar sbr 7.gr. 1. mgr. frumvarpsins.

Virðingarfyllt

F.h. Landssambands veiðifélaga



Óðinn Sigbórsson formaður

Samrit til Sjávarútvegsnefndar Alþingis